

Frá Vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Efni: 154. Löggjafarþing 2023-2024

Frumvarp til fjárlaga 2024

Vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands tekur undir umsögn Lífvísindaseturs Háskóla Íslands Dbnr. 252 sem bárust fjárlaganefnd 20.10.2023. Þar eru gerðar alvarlegar athugasemdir við frumvarp til fjárlaga 2024 í málaflokki 07.10 um Vísinda- og samkeppnissjóði í rannsóknnum. Í umsögninni er bent á niðurskurð í Innviðasjóði um 40 m.kr. og enn fremur stórfelldan niðurskurð um 497 m.kr. í Rannsóknasjóð Íslands. Þessir sjóðir fjármagna þjálfun sérfræðinga í heilbrigðisvísindum og þá innviði sem styðja við þá þjálfun, sem aftur skilar sér í formi sprotafyrirtækja og annarrar nýsköpunar. Það er enn fremur algjör grundvallarforsenda fyrir sókn í alþjóðlega styrki til vísinda og nýsköpunar að tryggja fyrst fjármagn til rannsókna heima fyrir því rannsóknarhópar þurfa að sýna fram á bolmagn og framleiðni til þess að eiga möguleika á alþjóðlegum styrkjum. Lífvísindasetur bendir réttilega á að forsenda þess að Ísland dragist ekki aftur úr í samkeppni um alþjóðlegt fjármagn sé að hlúa að vísindastarfi með sterkum samkeppnissjóðum sem byggja á opnum vísindum.

Vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands mótmælir þessum niðurskurði.

Fyrir hönd nefndar,

Heiða María Sigurðardóttir,